

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2011 hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:

á veitusvæði HS veitna	2,97 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	4,15 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,81 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,53 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	4,17 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	3,09 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	2,50 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	3,17 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.

Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum hjá RARIK skal vera 2,10 kr./kWst., hjá Orkubúi Vestfjarða 2,04 kr./kWst. og hjá HS veitum 73,90 kr./m³.

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Um hámark niðurgreiðslna fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 78/2002.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2011.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 2010.

Katrín Júlíusdóttir.

Sveinn Þorgrímsson.